

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 143/172**  
**komudagur 7.11.2013**

**Nefndasvið Alþingis.**

**Umsögn um frumvarp til laga** um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, og lögum um almennan frídag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum

Það hefur lengi verið baráttumál launamanna hér á landi að fá viðurkennt frí á aðfangadag og gamlársgang. Auk þess að oft hafa launamenn séð eftir umsömdum fríum inn í löghelga frídaga. Það hefur gengið hægt að ná samstöðu um þetta hér á landi, en allmörg stéttarfélög hafa þó ekki gefist upp og eru með ákvæði í sínum kjarasamningum um heimild til þess að útfæra vinnuvikuna með þessum hætti. En þetta gengur einfaldlega ekki upp nema að það sé gert yfir allt samfélagið.

T.d. er ótrúleg ósvífnir gagnvart heimilum og barnafjölskyldum, að íslenskir skólar skuli óáreittir komast upp með það að setja vinnudaga kennara og önnur skólafrí inn í miðja vinnuviku og það sé ekki samræmt yfir allt landið eins og gert er í öllum löndum, sem við viljum bera okkur saman við.

**Stakir frídaga á næsta mánudag.**

Í allmörgum löndum er fyrir margt löngu búið að flytja alla staka frídaga að helgum, t.d. í ensku mælandi löndum. T.d. er fyrsti vinnudagur á nýju ári víða frídagur, vegna þess að ef hátíðardagar lenda á laugardegi eða sunnudegi. Sumir halda því fram að hér á landi séu mun fleiri frídagar en í öðrum löndum, það er alrangt, þeir eru í mörgum tilfellum töluvert færri hér á landi. Sama á við um aðra daga eins og t.d. 1. maí. Þá er frí næsta mánudag. Skipti á vinnudegi og föstudegi er launamönnum í flestum fellum óhagstæð skipti sakir þess að föstudagur er oft styttri vinnudagur, oftar hefur náðst samkomuleg um skipti á frídegi og mánudegi.

Það er í mörgum tilfellum ekki síður áhugamál allmargra fyrirtækja hér á landi að taka upp þetta fyrirkomulag og er reyndar þegar farið að gera það í nokkrum iðnfyrirtækjum. Í mörgum iðnfyrirtækjum þarf að taka saman að lokinni vinnuviku, þrifa vélar og keyra þær niður. Stakur vinnudagur á föstudegi er þessum fyrirtækjum því óhagstæður, þar sem keyra þarf vélar niður á miðvikudag og keyra þær síðan upp á föstudagsmorgun til þess að vinna stuttan tíma og byrja svo að keyra þær niður aftur um hádegi. Sama á við um fyrirtæki sem þurfa að senda starfsmenn langt út af örkinni til verkefna, eins og hefur stórauðist undanfarna tvo áratugi með aukinni sérhæfingu þjónustufyrirtækja í kjölfar tæknivæðingarinnar, sem átti sér stað þegar rafeinda- og tölvuvæðingin náði flugi í lok síðustu aldar. Stakir frídagar eru þeim ákaflega óheppilegir og dýrir.

**Fríhelgi í júní**

Í nokkrum löndum eru þessir stöku frídaga nefndir „klemmedager“, þetta norræna nafn skýrir sig í raun sjálf. Í Svíþjóð er td. þekkt að stilla þessu upp í kringum þjóðhátíðardag þeirra 6. júní.

Þetta væri hægt að útfæra hér á landi með þessum hætti.

	Miðvikud	Fimmtud	Föstud	Laugard	Sunnud	Mánud	Þriðjud
1.		17. júní	Frídagur			Frídagur	
2.			17. júní			Frídagur	
3.			Frídagur	17. júní		Frídagur	
4.			Frídagur		17. júní	Frídagur	
5.			Frídagur			17. júní	
6.			Frídagur			Frídagur	17. júní
7.	17. júní	Frídagur	Frídagur			Frídagur	

- 1. ár 17. lendar á fimmtudag.
- 2. ár 17. lendar á föstudag, tekur bara uppstigningardag út. Starfsmaður á inni einn dag

- 3. ár 17. lendar á laugardag
- 4. ár 17. lendar á sunnudag
- 5. ár 17. lendar á mánudag og tekur bara uppstigningardag út. Við inneign starfsmanna bætist annar dagur. Hann á inni 2 daga.
- 6. ár 17. lendar á þriðjudag.
- 7. ár 17. lendar á miðvikudag. Hér fer annar inneignardagur starfsmanns þar sem hann fær 3 frídaga plús 17. júní. Hringnum er lokað og starfsmaður á inni 1 dag.

Ef tekið væri inn í dæmið frí á aðfangadögum þá dugar inneign starfsmanns upp í tvo aðfangadaga, en fyrirtækin kæmu út með 2 og hálfan dag í mínus. En á móti má benda á hagræðið, auk þess að 17. júní er 2 daga inn á helgardögum, þannig að það jafnast út. SA hefur bent á nýgerða danska kjarasamninga sem fyrirmynd, þar var samið um frí á aðfangadagsmorgun.

Ef uppstigningardagur og sumardagurinn fyrsti væru fluttir að 17. júní, væri hægt mynda góða helgi fyrir fjölskyldur í lok skólaárs. Það fyrirkomuleg gefur umtalsverðar fjárhæðir inn í hagkerfið með aukinni ferðamennsku.

Sama á við um aðfangadag og staka frídaga mörg fyrirtæki gefa frí eða starfsmenn tilkynna einhverskonar fjarveru. Þar sem þetta er ekki síður hagstætt fyrirkomulag fyrir fyrirtækin er ekki óeðlilegt að leggja til að til þess að jafna upp stöðuna að setja inn í þetta dæmi frí á aðfangadögum.

Þetta kerfi gengur upp á 7 árum og er fyrirtækjum og launamönnum til hagsbóta og samfélaginu öllu.

### **Niðurstaða**

Breytingar á þessu, sama hvernig þær verða útfærðar, verða ekki gerðar í nokkrum fyrirtækjum, heldur þarf að gera þetta í öllu samfélaginu, það er að samstilla atvinnulíf við frídaga skóla og leikskóla. Það er t.d. algjörlega óskiljanlegt og reyndar óásættanlegt, að skólar geti verið með frídaga (starfsdaga) kennara úr öllum tengslum við atvinnulífið og starfsdaga foreldra.

Í þeim tilfellum sem við rafiðnaðarmenn höfum kynnt þetta undanfarna tvo áratugi, þá eru ákveðnar klisjur sem við höfum mætt og þær látnar fylgja.

Það er engin að ræða um að fella niður 1. maí, það eru sáralítið hlutfall launamanna sem tekur þátt í hátíðarhöldum og hægur vandi að koma þeim fyrir eftir sem áður í lok vinnudags.

Það er að auki heldur ekki verið að ræða um af afmá sumardaginn fyrsta og uppstigningardag. Það er verið að taka upp fjölskylduvænna fyrirkomulag í samræmi við það sem þekkist víðast hvar í Evrópu.

Reykjavík 6. nóvember 2013

Guðmundur Gunnarsson fyrrv. formaður Rafiðnaðarsambands Íslands